



Fundargerð stjórnar HSÍ

Miðvikudagurinn 23. ágúst 2017



Sjötti fundur 60. stjórnar HSÍ var haldinn í fundarsal HSÍ, Íþróttamiðstöðinni Laugardal, miðvikudaginn 23. ágúst 2017 kl.12.00

Mættir voru: Arnar Þorkelsson, Davíð B. Gíslason, Guðjón L. Sigurðsson, Guðmundur B. Ólafsson, Guðríður Guðjónsdóttir, Hjördís Guðmundsdóttir, Jakob Sigurðsson og Þorbergur Aðalsteinsson. Róbert Geir Gíslason, framkvæmdarstóri HSÍ sat fundinn og ritaði fundargerð.

Forföll: Hjalti Þór Hreinsson.

Fjarverandi: Enginn

Þetta gerðist:

1. Fundargerð síðasta fundar lögð fram til samþykktar
Fundargerð síðasta fundar var samþykkt.
2. Starfsmannamál
GBÓ fór yfir stöðu starfsmannamála en gerður hefur verið starfslokasamningur við Einar Þorvarðarson. Stöðugildi á skrifstofu í dag eru 4 og það þarf að bæta við starfsfólki á skrifstofu. Auglýst verður um helgina eftir sölu- og markaðsmanni og verður það gert um helgina.
3. Fjármál
RGG kynnti stöðu félaga og hvaða aðgerðir eru þar fram undan. Stefnt er að því að í haust verði félagabókhaldið allt í skilum. Jafnframt var farið yfir stöðu styrktaraðila.
4. Stefnumótun skrifstofu HSÍ
Í framhaldi af miklum breytingum á skrifstofu var samþykkt að endurmóta stefnu sambandsins til næstu ára. Stefnt að því að halda slíkan fund á næstu vikum
5. Formannafundur
Samþykkt að halda formannafund til að fara verkefni vetrarins miðvikudaginn 30. ágúst.
6. Landsliðsmál
RGG kynnti stöðu landsliðsmála og hver er staðan hjá A landsliðum karla og kvenna. A landslið kvenna mun fara til Þýskalands og Slóvakíu í haust í 3 landsleiki.
7. Önnur mál
Fræðslumál – RGG kynnti stöðu á hugmynd að fjarnámi fyrir landsliðsmenn. Stjórn leist vel á hugmyndina. Þorbergur og Magnús munu vinna hugmyndina áfram.

Dómaramál – Búið er að auglýsa dómarnámskeið í haust sem og tímavarðarnámskeið. Auknar kröfur eru gerðar á tímaverði og ritari og ákvað stjórn HSÍ að einungis þeir sem hafa lokið námskeiði hafa heimild til starfa í efstu deildum. Davíð og RGG semja reglugerð hvað þetta varðar. Haustfundur dómara var um síðustu helgi. Danskur fyrirlesari kom og var hans framlag mjög mikilvægt og vakti athygli. Kynnti hann meðal annars að í Danmörku væri hart tekið á öllum mótmælum. Vilji stjórnar er að harðar verði tekið á hegðun á bekk. Dómarar munu í vetur senda inn agaskýrslu vegna allra rauðra spjalda. Það verði svo skrifstofu HSÍ að halda utan um hvað fari til aganefndar.

Fleira var ekki gert og var fundi slitið.

Róbert Geir Gíslason, fundarritari